Mars 2025

Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn
585. fundur

Sveitarstjórn
586. fundur

Góður stofnfundur félagsins 60+ í Grímsnes- og Grafningshreppi

Stofnfundur félagsins 60+ í Grímsnes- og Grafningshreppi var haldinn þriðjudaginn 18. febrúar síðastliðinn. Á fundinum voru samþykkt lög félagsins og kjörin stjórn. Magnús J. Magnússon, formaður félags eldri borgara á Selfossi, stýrði fundinum og leiddi uppbyggilegar umræður um mikilvægi þess að efla starfsemi félagsins í sveitarfélaginu.

Í stjórn félagsins voru kjörin:

- **Sigríður Kolbrún Oddsdóttir - formaður**
- **Gróa Linddís Dal - ritari**
- **Valgeir F. Backman - gjaldkeri**

Varamenn í stjórn eru:

- **Sigrún Reynisdóttir**
- **Sandra Gunnarsdóttir**

Við hlökkum til að sjá félagið vaxa og blómstra og hvetjum alla 60 ára og eldri til að taka þátt í starfsemi félagsins. Félagið er opið öllum sem hafa áhuga á að stuðla að góðri félagsstarfsemi og samveru 60 ára og eldri í sveitarfélaginu.

Á myndinni er nýkjörin stjórn deildarinnar.

Styrkir vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum

Ágætu bændur og búalið

Við viljum minna á að föstudaginn 28. febrúar n.k. rennur út frestur til að sækja um styrki vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum á árinu 2025.

Þeir sem búa á lögbýlum og hafa hug á að fara í vatnsveituframkvæmdir á árinu er bent á að hafa samband sem allra fyrst ef Mast á að aðstoða við gerð rafrænnar umsóknar vegna vatnsveituframkvæmda, en einnig getur hver og einn sent inn slíka umsókn sjálfur.

Umsókn er útbúin rafrænt inn á heimasíðu MAST - https://umsokn.mast.is/OnePortal/login.aspx og nauðsynleg fylgigögn sett þar með en þau eru:

- **Lýsing á væntanlegri framkvæmd og áætlun um kostnað.**
- **Vottorð frá viðkomandi sveitarstjórn um að sveitarfélagið ætli ekki að láta viðkomandi lögbýli fá kalt vatn.**
- **Vottorð frá Búnaðarsambandinu um að þörf sé á að fara í vatnsveituframkvæmdir á viðkomandi býli.**

Þeir sem áður hafa sent inn umsóknir en ekki klárað verkið eða ekki hafið framkvæmdir á því ári og því ekki fengið styrk - þurfa að senda inn nýja umsókn núna ef fyrirhugað er að fara í framkvæmdir á árinu 2025.

KERHÓLSSKÓLI

Nemendaþing í Kerhólsskóla

Nemendaþing Kerhólsskóla var haldið í tengslum við skólaþing sveitarfélagsins sem haldið verður 27. febrúar nk. kl. 18:00.

Markmið nemendaþingsins var að fá álit og hugmyndir nemenda inn í vinnu við framtíðarsýn skólans, nýja skólanámskrá sem á að endurskoða á þessu ári og skólastefnu sveitarfélagsins sem á að endurskoða á næsta ári.

Það skiptir okkur sem skólasamfélag máli að nemendur fái að segja sína skoðun á málefnum sem snúa að þeim og með nemendaþinginu bjuggum við til vettvang fyrir þá til að tjá sig.

Nemendur grunnskólans söfnuðust saman í matsal skólans, þeim raðað í 7 hópa þvert á aldur. Umræðuefni hópanna voru: draumaskólinn í framtíðinni, skólahúsnæðið, tölvu- og tækjakostur skólans og útinám í Kerhólsskóla.

Deildarstjóri grunnskóladeildar sá um að taka saman punktana af þinginu og verður áfram unnið með þá eftir skólaþing.

KERHÓLSSKÓLI

Hér eru nokkrar myndir frá nemendaþingi.

KERHÓLSSKÓLI

Hér eru nokkrar myndir frá nemendaþingi.

KERHÓLSSKÓLI

Hér eru nokkrar myndir frá nemendaþingi.

KERHÓLSSKÓLI

7. bekkur fór á Reyki í Hrútafirði ásamt Flóaskóla, Flúðaskóla, Þjórsárskóla, Reykholtsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni og Brekkuskóla á Akureyri.
Ferðin gekk mjög vel og voru nemendur Kerhólsskóla samheldin, jákvæð, kurteis og dugleg að taka þátt í starfinu. Þau lærðu um Grettissögu og sveitastörf, heimsóttu Byggðasafnið, fóru í samvinnuleiki og kynntust nýjum vinum.

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir sumarstarfsmanni

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir sumarstarfsmanni í fjölbreytt og skemmtilegt starf. Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf í maí og unnið út júlí hið minnsta.

Helstu verkefni:

· Umsjón og verkstjórn með vinnuskóla
· Halda utan um vinnuskýrslur fyrir ungmenni í vinnuskóla
· Almenn umhirða lóða og umhverfis við opin svæði og stofnanir sveitarfélagsins
· Önnur tilfallandi verkefni í áhaldahúsi og á gámasvæði

Hæfniskröfur:

· Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
· Bílpróf
· Lágmarksaldur er 18 ár
· Gott vald á íslensku og ensku
· Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
· Þekking á meðferð og umhirðu verkfæra og áhalda
· Reynsla af vinnu með ungmennum er kostur
· Kerrupróf og/eða vinnuvélaréttindi eru kostur

Vinnuskólinn sinnir umhirðu, viðhaldi og fleiri verkefnum, oft í tengslum við garða, íþrótta- og útivistarsvæði. Verkefnin geta verið nokkuð fjölbreytt, svo sem að gróðursetja, slá og raka, hreinsa beð, grisja skóg, mála, tína rusl, sópa, þrífa, leggja hellur, grasþökur eða göngustíga.
Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2025.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Frekari fyrirspurnir og umsóknir sendist á gogg@gogg.is
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað.

Gönguskíðabrautir

Með tilkomu nýja gönguskíðasporans sem sveitarfélagið festi nýlega kaup á eru nú glæsilegar aðstæður fyrir íbúa og gesti að njóta útivistar í vetrarparadísinni okkar.
Gönguskíðaspor verður lagt á tjaldsvæðinu, sem tengist einnig við spor í Yndisskógi, þegar veður og aðstæður leyfa.

Gott er að leggja við Grenndarstöðina á Borg eða bílaplan við félagsheimili.
Við hvetjum alla, jafnt byrjendur sem lengra komna, til að draga fram skíðin og nýta sér þessar frábæru gönguskíðabraut.

Njótið útivistarinnar!

Hér má sjá kort af brautunum

VINNUSKÓLI 2025

AUGLÝST ER EFTIR UNGLINGUM 13 – 16 ÁRA (2012 - 2009)
Í VINNUSKÓLA SVEITARFÉLAGSINS
FRÁ 9. JÚNÍ TIL OG MEÐ 18. JÚLÍ 2025.

HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á HEIMSÍÐU SVEITARFÉLAGSINS HÉR
Á SAMA STAÐ MÁ FINNA STARFSREGLUR VINNUSKÓLANS.

TEKIÐ VERÐUR Á MÓTI UMSÓKNUM TIL OG MEÐ 1. MAÍ 2025

NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST GEGNUM NETFANGIÐ GOGG@GOGG.IS

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS
VERSLUNIN VALA

KAFFIHÚSIÐ GRÆNA KANNAN OG VERSLUNIN VALA
ERU OPIN VIRKA DAGA FRÁ KLUKKAN 11:00 TIL 16:00
LAUGARDAGA FRÁ KLUKKAN 11:00 TIL 16:00
SUNNUDAGA LOKAÐ

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

Bókasafn / Library
Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar í mars/
Opening hours in mars:

Mánudaga / Mondays	Kl. 15:00 - 16:30
Miðvikudaga / Wednesdays	Kl. 15:30 - 16:30

Kvöldopnun / Evening hours:

Þriðjud./ Tuesday	11.mars	kl. 19:30 - 21:30	Handverkskvöld
Fimmtud./ Thursday	13.mars	kl. 19:30 - 21:30	Kvöldopnun
Þriðjud./ Tuesday	25.mars	kl. 19:30 - 21:30	Opið hús 60+

ATH. Lokað miðvikudaginn 5. mars

Vegna framkvæmda þarf að ganga undir tengibrú á milli stjórnsýsluhúss og skólabyggingar og beygja til hægri til þess að komast á bókasafnið.

Öll velkomin :)

JÞ Verk
Jarðvinnuverktaki

Nú er árið 2025 gengið í garð og komið að því að bóka niður verkefni fyrir komandi vor og sumar í Grímsnesi og nærliggjandi svæðum.

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökkla
- Lagnaskurðir
- Fleygun
- Drenlagnir
- Niðursetning rotþróa
- Göngustígagerð
- Almenn lóðavinna
- Girðingavinna
- Bíla og tækjaflutningar
- Og margt fleira
- Til verkefna höfum við eftirfarandi tækjabúnað.
- Gröfur frá lítilli 2,8 tonna beltavél upp í 35 tonn
- Fleygar á 2,8 - 8,5 og 25 tonna vélar
- Vörubíla og dráttarvél til efnisflutninga
- Vélhjólbörur
- Jarðvegstætara á dráttarvél fyrir þýft land
- Jarðvegsþjöppur
- Hæðarlaser
- Vatnsdælu
- Keðjusög
- Steinsög, brotvélar og ýmis önnur verkfæri.

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á johannes@jthverk.is

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2025

20. mars	Samverustund í Hespuhúsinu
26. apríl	Ársfundur SSK
30. apríl	Vorfundur á Hótel Selfossi
16. – 21. maí	Kvenfélagskonur til Cornwall
júní	Vorgleði í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
júní/júlí	Samverustund í Alviðru
ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
23. ágúst	Grímsævintýri
11. sept.	Haustfundur
4. okt.	Skiptimarkaður
30. okt.	Grímuball
23. nóv.	Jólabingó
27. nóv.	Jólafundur

Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Endurbygging Klausturhólarétta

Framkvæmdir eru hafnar í Klausturhólaréttum, en gert var ráð fyrir því í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að endurbyggja réttirnar samkvæmt tillögu fjallskilanefndar. Búið er að ryðja niður gömlu réttunum og koma þeim í förgun, en þær voru steyptar upp árið 1952. Ástand þeirra var orðið verulega slæmt og hættulegt bæði mönnum og dýrum. Niðurrif og jarðvinnu annast sannkallað heimafólk, en það er JÞ Verk ehf. sem sér um þann hluta framkvæmdanna. Þegar jarðvinnu er lokið tekur við endurbygging á réttunum, en til að byrja með verða byggðir þrír dilkar ásamt almenningi, auk þess sem skúrar sem stóðu við innrekstrardilk verða endurbyggðir.
Áætlað er að framkvæmdum verði lokið í sumar.

FréttabréF Frá Landsvirkjun á sogssvæði

Raforka til að hlaða allan rafbílaflotann 200 sinnum

Nú standa yfir árlegar skoðanir á vélum aflstöðvanna, en reglubundið eftirlit og viðhald er grundvallarforsenda þess að tryggja stöðuga raforkuvinnslu. Auk þess að sinna sjálfum vélunum er unnið að endurbótum og lagfæringu á húsnæði stöðvanna, m.a. á gluggum Ljósafossstöðvar. Þá er unnið að nýju spennarými fyrir rafbílahleðslur við Írafossstöð, en það er liður í því að hægt verði að ljúka rafbílavæðingu bílaflota Landsvirkjunar. Til gamans má geta þess að orkuvinnsla aflstöðva í Soginu árið 2024 var tæpar 488 þúsund megavattstundir, en sú orka myndi duga til að hlaða allan rafbílaflota Íslands 200 sinnum.



Ljósafossstöð í byggingu, en bygging hennar hófst 1934 og lauk 1937.



Írafoss var reist 1950-1953 og var fyrsta neðanjarðarstöð landsins.

Vatnsstaðan batnar

Hita- og úrkomutíð síðustu vikna hefur haft sín áhrif á rennsli í Soginu sem hefur verið óvenju mikið það sem af er ári. Til að jafna rennslið hækkaði vatnshæð Þingvallavatns tímabundið á meðan á mestu rigningunum stóð. Góðu fréttirnar eru þær að vatnsstaða í lónum Landsvirkjunar hefur batnað töluvert í þessari tíð og skerðingum sem voru á afhendingu raforku fyrir áramótin hefur nú verið hætt.

Í flestum tilfellum er vatnshæð lónanna meiri en á sama tíma fyrir ári, þó að svo að sums staðar sé hún enn undir meðaltali. Fyrir þá sem eru sérstaklega áhugasamir um vatnsbúskap má benda á rauntímavöktun Landsvirkjunar, en þar er m.a. hægt að fylgjast með vatnshæð lóna: landsvirkjun.is/rauntimavoktun

Styrkir til góðra verkefna úr samfélagssjóði Í desember var úthlutað úr samfélagssjóði Landsvirkjunar í þriðja sinn á árinu 2024. Fjölmörg verkefni fengu styrk á árinu, en sérstök áhersla er lögð á að styrkja verkefni í nærsamfélagi aflstöðva. Meðal styrkhafa síðasta árs eru Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni, Ungmennafélag Hrunamanna, leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja, Laugalandsskóli, Hjálparsveitin Tintron, Skógræktarfélag Rangæinga, Kvenfélag Grímsneshrepps, Ullarvika á Suðurlandi og Listasafn Árnesinga og voru verkefnin af mjög fjölbreyttum toga.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 31. mars, en um sjóðinn má lesa á vefsvæði Landsvirkjunar: landsvirkjun.is/samfelagssjodur

Samningur FSu og Landsvirkjunar framlengdur

Samningur um stuðning Landsvirkjunar við iðnnnám við Fjölbrautaskóla Suðurlands hefur verið framlengdur til þriggja ára, en hann var gerður til reynslu á síðasta ári. Samningurinn gerir ráð fyrir að tekið sé á móti allt að tveimur iðnnemum á hverju sumri á Sogssvæðinu, öðrum í rafmagnsgreinum og hinum í vélgreinum. Þessir nemar eru ekki aðeins í sumarvinnu á Sogssvæðinu heldur eru þeir einnig studdir við gerð ferilbókar sinnar. Ferilbók er núna orðin hluti af iðnnáminu og forsenda þess að nemendur geti klárað sveinsprófið. Í bókina er færð staðfesting á ýmsum verkefnum sem nemarnir vinna að í starfi sínu, en þar er einnig fjallað um öryggismál og vinnustaðarmenningu. Þar hefur Landsvirkjun mjög margt fram að færa.

Stuðningnum hefur verið mjög vel tekið í Fsu, nemendur jafnt sem kennarar verið mjög ánægðir með framlag Landsvirkjunar og starfsfólk okkar að sama skapi ánægt með að geta orðið að liði.

Fjöldi umsókna um sumarstörf

Mikill og ánægjulegur áhugi er á sumarstörfum ungmenna á aflstöðvum Landsvirkjunar. Metfjöldi umsókna barst þetta árið, eða 330, sem er mikil fjölgun frá fyrra ári. Það er ljóst að því miður getum við ekki orðið við beiðnum allra, en við munum vinna hratt og vel úr umsóknum á næstu dögum.

Landsvirkjun

Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN

Borg

vetraropnun

Frá 18. ágúst 2024

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30

Föstudaga Lokað

Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞORLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is	https://www.gogg.is/